

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. desember 2015  
UST201511-204/B.S.  
10.0


### Efni: Framkvæmdaleyfi – Kerið. Bygging útsýnispalls og stækkun bílastæðis. Umsögn


Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 30. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um framkvæmdaleyfi.

Markmið framkvæmdarinnar er m.a. að stýra umferð ferðamanna betur og draga úr álagi á brún Kersins. Umhverfisstofnun telur jákvætt að ráðist verði í gerð göngustíga og útsýnispalls. Hér er um fremur lítinn pall að ræða sem af myndum að dæma virðist falla vel að landi. Gjallgígar eru viðkvæmir fyrir álagi þar sem yfirborð molnar auðveldlega og ummerki eftir gangandi fólk geta orðið mjög áberandi og til lýta.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að framkvæmdir við Kerið verði eins afturkræfar og kostur er. Reyna ætti eins og kostur er að draga úr umferð fólks niður í gíginn því stígar sem myndast í bröttum gjallgígum geta orðið mjög áberandi eins og sjá má t.d. í Grábrók. Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemdir við umrætt framkvæmdaleyfi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

